

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt

16. mars 2020

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um fjárhagslegar viðmiðanir

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að frumvarpi um fjárhagslegar viðmiðanir sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 27. febrúar síðastliðinn. Frumvarpið gerir ráð fyrir innleiðingu á reglugerð 2016/1011 (ESB) um fjárhagslegar viðmiðanir.

Reglugerðin hefur að geyma reglur um gerð og notkun fjárhagslegra viðmiðana á borð við Libor sem liggja til grundvallar ýmsum samningum á sviði fjármálamarkaðar. Meðal annars er mælt fyrir um starfshætti þeirra aðila sem taka saman slíkar viðmiðanir, starfsleyfi og eftirlit.

Í áformum um lagasetningu þessa sem finna mátti í samráðsgátt þann 5. júlí 2019 sagði að til greina kæmi að skipa starfshóp með fulltrúum frá stjórnvöldum og hagsmunaaðilum, svo sem Samtökum fjármálafyrirtækja, til að vinna frumvarpið. Frumvarpssmiðin var ekki sett í þann farveg.

Samkvæmt frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir gildistöku þessara nýju reglna **þann 30. apríl næstkomandi. Að mati Samtaka fjármálafyrirtækja er um afar skamman frest að ræða**, sérstaklega í ljósi þess að ekki var skipaður starfshópur eins og vangaveltur voru um og telja því æskilegt að gildistakan sé færð aftur svo aðildarfélög samtakanna hafi nægan tíma til aðlögunar.

Hér eftir sem áður leggjast SFF einnig gegn því að ákvæði reglugerðarinnar séu innleidd með meira íþyngjandi hætti en þörf er á.

SFF mun eftir atvikum skila ítarlegri athugasemdum við frumvarpið þegar það hefur verið lagt fram á Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur